

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjöf Hannesar Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. febrúar 1938. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Gjöf Hannesar Þorsteinssonar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er með dánargjöf dr. phil. Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavardar, samkvæmt arfleðsluskrá hans dagsettri 11. júlí 1931, nefnist Gjöf Hannesar Þorsteinssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og stendur undir stjórn háskólaráðsins, er skal varðveita eignir hans og sjá um, að þær séu gerðar arðbærar. Peningaeign sjóðsins skal geymd í Landsbanka Íslands eða varið til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbankans, jarðræktarbréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum álíka tryggum verðbréfum. Svo má og, ef það þykir henta, kaupa fyrir fé sjóðsins fasteignir, er tryggt þykir að eiga og öruggt að gefi arð. Handrit þau, sem nú eru eign sjóðsins, skal háskólaráðið reyna að selja, en þó er því óheimilt að selja þau til útlanda.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan árlega leggja við hann a. m. k. $\frac{1}{10}$ af arði þeim, sem sjóðurinn hefir haft af eignum sínum það ár. Gróði, sem sjóðurinn hlýtur við kaup eða sölu á verðbréfum eða öðrum eignum, skal allur lagður við höfuðstólinn.

4. gr.

Þeim hluta af arði sjóðsins, er eigi skal leggja við höfuðstólinn samkv. 3. gr. má verja á þessa leið:

- a. Til styrktar ungum námsmönnum, sem leggja stund á íslenzka sagnfræði við Háskóla Íslands.
- b. Til rannsókna og rita um íslenzka sögu og persónusögu, ásamt ættfræði.
- c. Til útgáfu rita um þau efni, sem getur í b-lið þessarar greinar, sérstaklega rita frá síðari öldum, eftir siðaskipti.

5. gr.

Háskólaráðið ræður úthlutun fjár úr sjóðnum, eftir tillögum heimspekideildar. Heimilt er að leggja saman og úthluta í einu tekjum fleiri ára en eins, ef slíkt þykir hagkvæmt.

6. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega, og skal hann endurskoðaður með sama hætti sem reikningar annarra sjóða háskólans. Reikninginn skal birta í Árbók háskólans.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.